



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 66/2020

Auðkennið NORDIC CAMPERS

I.

Erindið

Neytendastofu barst erindi Nordic Campers AS og Nordic Campers ehf. með bréfi, dags. 31. mars 2020, þar sem kvartað var yfir notkun Nordic Car Rental ehf. á vernduðu vörumerki, auðkenni og firmanafni félaganna; NORDIC CAMPERS.

Í erindinu er tiltekið að Nordic Campers AS, sem sé skráð norskt fyrirtæki, og Nordic Campers, telji notkun Nordic Car Rental, á NORDIC CAMPERS vörumerkinu, firmanafninu og auðkennum félaganna ólögmeta og þess sé krafist að Nordic Car Rental verði bönnuð notkun á auðkenninu NORDIC CAMPERS í allri atvinnustarfsemi sinni enda sé notkunin ekki eingöngu brot gegn vörumerkjarétti laga nr. 45/1997, brot gegn 10. gr. laga nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, heldur jafnframt brot gegn lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Nordic Campers vörumerkið hafi verið notað opinberlega samfelld síðan í febrúar 2013 þegar norska fyrirtækið var stofnað og vörumerkið birst almenningi á svipuðum tíma, en auglýsingaherferð til að kynna Nordic Campers hafi hafist sumarið 2013. Þá hafi norska félagið rekið bílaleigu og ferðaþjónustufyrirtæki frá árinu 2013 í Noregi en það hafi einnig verið að færa starfsemi til Svíþjóðar, Danmerkur og Íslands.

Þá komi fram að fyrirtækin hafi haft heimasíðuna nordiccampers.com, nordiccampers.no, nordiccampers.se og nordiccampers.dk síðan árið 2013 og verið samfelld með fréttir, tilboð og annað tengt starfsemi þar. Félögin séu með sína eigin Facebook síðu og Instagram síðu; Nordic Campers. Vörumerkið hafi verið á markaði í mörg ár, sköpuð hafi verið viðskiptavild og traust í huga neytenda sem hyggist ferðast um Norðurlöndin. Þá hafi félögin sótt um skráningu orð- og myndmerkisins þann 15.08.2018 hjá Hugverkastofu og séu með orðmerkið og myndmerkið Nordic Campers skráð sem verndað vörumerki. Þá eigi félögin firmanafnið Nordic Campers og sé það skráð í fyrirtækjaskrá.



Félagið hafi áttað sig á því að fyrirtæki að nafni Nordic Car Rental, væri að misnota auðkenni þess þegar félaginu bárust kvartanir frá neytendum sem höfðu fengið lélega þjónustu hjá fyrirtæki sem þeir töldu vera tengt Nordic Campers, ásamt því að félagið varð skyndilega fyrir því að margfalt færri bókanir bárust eftir stöðugan uppvöxt í bókunum frá því að fyrirtækin voru stofnuð. Þá segi að það hafi tekið tíma fyrir forustumenn félaganna að átta sig á hvað olli því. Þegar félagið hafi orðið þess vart að Nordic Car Rental, sem var í sömu atvinnustarfsemi og væri að nota auðkennið NORDIC CAMPERS í sinni starfsemi, hefðu fengið sér lénið nordiccampers.net sem sé léna ending sem fæstir nota og svo seinna meir einnig lénið nordiccampersiceland.com, allt eingöngu gert til að villa á sér heimildir, þá hafi verið haft samband við forsvarsmenn Nordic Car Rental, sem lengi reyndu að komast hjá því að halda fund um málið. Fundur var haldinn 12. júní 2019. Samþykktu forsvarsmenn Nordic Car Rental að hætta að nota auðkennið NORDIC CAMPERS í öllu sem snerti þeirra atvinnustarfsemi í tölvupósti framkvæmdastjóra Nordic Car Rental, dags. 17. júní 2019. Félögin útbjuggu þá samning milli aðila sem forsvarsmaður Nordic Car Rental bað alltaf um frest til að klára að skrifa undir sem félögin veittu til að hafa sem minnst áhrif á atvinnustarfsemi Nordic Car Rental. Aldrei var klárað að skrifa undir samninginn. Send var áskorun um kröfur félaganna þann 15. janúar 2020 á báða staði sem Nordic Car Rental sé með aðsetur, sem ekki var svarað.

Félögin séu því nauðbeygð að leita til Neytendastofu til að stoppa hið ólögmdæta athæfi Nordic Car Rental sem varði ólögmdæta notkun á vernduðu vörumerki, firmanafni og auðkenni félaganna.

Þau sjónarmið sem félögin byggja kvörtun sína á, sé 4. gr. laga nr. 45/1997, um vörumerki, en skv. ákvæðinu megi aðrir en eigandi vörumerkis ekki heimildarlaust nota tákn sem eru eins eða lík vörumerkinu ef notkunin taki til eins eða svipaðrar vöru eða þjónustu þannig að hætt sé við ruglingi og að álíta megi að tengsl séu með merkjunum. Vörumerkjälög séu sérlög sem veiti eiganda vörumerkis einkaréttarlega vernd á merkinu og notkun þess. Vörumerki gegni mikilvægu hlutverki við markaðssetningu vöru og þjónustu.

Þá komi fram að Neytendastofa hafi talið í sínum ákvörðunum að stofnunin geti ekki komið í veg fyrir notkun fyrirtækis á löglega skráðu vörumerki ef notkunin brjóti ekki bága við ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Það sé ótvírætt að norska félagið eigi einkarétt til notkunar auðkennisins NORDIC CAMPERS enda eigandi þess vörumerkis. Þessi einkaréttur sé sérstaklega mikilvægur og sérstaklega verndaður í tilteknum flokkum og hvað tiltekna vöru og þjónustu varði, þá sérstaklega hvað varðar bílaleigu og ferðaþjónustu. Þá telur félagið að með notkun Nordic Car Rental á auðkenninu NORDIC CAMPERS í firmaheiti sínu, léni og við markaðssetningu hafi Nordic Car Rental brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, sérstaklega 15. gr. a. og gegn vörumerkjarétti Nordic Campers.



Félagið sjái ekki annað en að tilgangur Nordic Car Rental hafi verið að villa um fyrir neytendum, þá sér í lagi hvað varðar raunverulegan rekstraraðila leigunnar og stunda þannig óréttmæta viðskiptahætti, eins og að merkja bíla sína Nordic Campers.

Félögin telji Nordic Car Rental hafa brotið gegn 5. gr., 8. gr., 12. gr., 13. gr., 14. gr., og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, en að ákvæði 15. gr. a. skipti þar mestu máli og hafi Neytendastofa ítrekað lýst því í ákvörðunum sínum að í ákvæði 15. gr. a. felist almenn vernd auðkenna sem komi til fyllingar vörumerkjavernd.

Ákvæði 15. gr. a. laganna, ásamt ýmsum ákvæðum auðkennaréttarins sé ætlað það hlutverk að koma í veg fyrir að aðrir en réttthafi auðkennis geti notið þeirrar viðskiptavildar sem auðkennið hefur að geyma. Með notkun á auðkenni réttthafa eða auðkenni sem líkist auðkenni hans, getur keppinautur óverðskuldað fengið hlut af markaði réttthafa eða jafnvel komið slæmu orði á auðkenni hans þannig að viðskiptavild auðkennisins skerðist. Því hafi verið haldið fram í ákvörðun samkeppnisráðs að almennur skilningur sé meðal fræðimanna í samkeppnisrétti að ekki þurfi ásetning til að um brot á 15. gr. a. sé að ræða heldur frekar tilhneiging til að líta svo á að um nánast hlutlæga ábyrgð geti verið að ræða. Þannig felist í raun tvær reglur í ákvæðinu, annars vegar bann við því að nota auðkenni annarra en hins vegar bann við því að nota eigin auðkenni þannig að því verði ruglað saman við auðkenni annarra. Hægt sé að flokka reglur ákvæðisins í þrennt, að notkun á auðkenni í atvinnustarfsemi sem notandi hefur ekki rétt til sé óheimil, að reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar sé óheimil og að bannað sé að nota auðkenni á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni.

Sjónarmið á sviði bæði samkeppnis- og neytendaréttar liggi að baki ákvæðinu. Samkeppnisréttarrökin séu tvíþætt. Annars vegar geti misnotkun á auðkennum hindrað eðlilega samkeppni en hins vegar sé notkun auðkenna keppinautar, eða líkra auðkenna, óréttmæt gagnavart keppinautum og gæti verið skaðleg réttthafa auðkenna. Neytendaréttarsjónarmiðin séu aftur á móti þau að misnotkun auðkenna gæti leitt til þess að neytendur villist á vöru og geti ekki treyst á hvaða atvinnurekendi standi að baki auðkenni.

Í bréfinu er vísað til úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála frá 8. maí 2007 (1/2007) sem segi meðal annars að í norrænni réttarframkvæmd hafi við mat á ruglingshættu milli tveggja firmanafna verið litið til þess hvort fyrirtæki starfi á sama markaði og hvort þau beini vöru eða þjónustu að sama markhópi.

Þá er tiltekið í kvörtuninni að almenn venja hafi skapast hjá Neytendastofu að líta til þess hvort firmanöfn hafi verið skráð í fyrirtækjaskrá. Skráning firmanafns skipti þar máli þar sem hún segir til um hvort og þá hvenær félagið skráði firmanafn sitt. Skráning geti veitt einkarétt til firmanafnsins en lagaverndin sé fólgin í því að ekki sé um almennt heiti að ræða sem sé lýsandi fyrir þær vörur og þjónustu sem sé í boði. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 42/1903 megi ekki líkja eftir skrásettu firma sem Nordic Car Rental geri með notkun á auðkenninu NORDIC CAMPERS.



Nordic Campers byggir kröfur sínar á 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Félögin telji að við samanburð auðkennanna sé ljóst að verið sé að nota sama heiti, auðkenni, verndað vörumerki og firmanafn kæranda. Er þar vísað til lénsins nordiccampers.net, og sérstaklega lénsins nordiccampersiceland þar sem félagið þykist vera útibú af Nordic Campers á Íslandi, notkun Nordic Car Rental á auðkenninu Nordic Campers í auglýsingum, á facebook, á google, á netinu og á bílum sem þeir leigja. Því sé sjón- og hljóðlíking auðkennanna algjör og ruglingshætta mjög mikil.

Einsýnt sé að verulegar líkur séu á að sá sem þekki til heimasíðanna eða annarra rafræna aðganga villist inn á heimasíðu eða aðra rafræna aðganga annars fyrirtækis en þess sem ætlunin var að heimsækja. Þá sé um sama lénanafn að ræða hjá báðum málsaðilum fyrir utan það að ending sé öðruvísi hjá Nordic Car Rental, en með því sé verið að brjóta ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 sem Neytendastofa hefur ítrekað staðfest samanber ákvörðun Neytendastofu nr. 5/2006.

Auk þess séu báðir aðilar starfandi á skyldum mörkuðum, þ.e. bílaleigu og ferðaþjónustu. Þar að auki séu gerðar minni kröfur til skyldleika starfsemi aðila þegar auðkenni þeirra sé hið sama. Með notkun auðkennisins NORDIC CAMPERS sé Nordic Car Rental því að nýta sér góða viðskiptavild Nordic Campers sem félagið hafi byggt upp með áralangri starfsemi sinni.

Félögin gera þær kröfur að Neytendastofa ákvarði að Nordic Car Rental verði bannað að nota verndað auðkennið NORDIC CAMPERS á allan hátt í atvinnustarfsemi sinni og gert að afskrá lénið nordiccampers.net hjá ISNIC ásamt því að afskrá lénið nordiccampersiceland.com og hætta allri notkun alls staðar á auðkenninu NORDIC CAMPERS þar á meðal en ekki bundið við tölvupóstföng, facebook, instagram, youtube, LinkedIn aðgöngum.

Félögin telji notkun Nordic Car Rental á auðkenninu hafa orðið sér til mikil tjóns að starfseminni sé ruglað saman við rekstur Nordic Car Rental. Félagið hafi skapað sér ríkan sess á Norðurlöndunum og ætlað sér að stækka við sig starfsemina á íslenskum markaði með leigu á hágæða bílum og með því að veita hágæða þjónustu. Félögin tilgreini að Nordic Car Rental hafi verið að leigja bíla af mjög lökum gæðum og hafi sætt mikilli gagnrýni vegna þeirrar þjónustu á stærstu bókunarsíðu í heimi, TripAdvisor, og reyni að notfæra sér viðskiptavild og orðspor Nordic Campers sem sé byggt á áralangri vinnu félagsins.

Því telji félögin sig hafa gríðarlega mikilla hagsmuna að gæta að koma í veg fyrir að Nordic Car Rental misnoti vörumerki sitt og viðskiptavild eins og það hafi gert að undanfögnu.

Félögin telji að notkun Nordic Car Rental á auðkenninu NORDIC CAMPERS brjóti gegn ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005, auk þess sem af vörumerkjarétti þess leiði að aðrir megi ekki nota heimildarlaust vörumerkin Nordic Campers eða lík merki ef notkunin taki til eins eða svipaðrar vöru eða þjónustu og hætt sé á ruglingi sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 45/1997.



Félögin vísi jafnframt til 8. gr. laga nr. 57/2005 þar sem segi að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóti í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raski verulega eða séu líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda.

Félögin telji ljóst af framangreindum lagaákvæðum að notkun Nordic Car Rental á auðkenninu NORDIC CAMPERS sé óheimil og óréttmæt. Hún sé villandi og ósanngjörn gagnvart neytendum og brjóti gegn eignarétti á vörumerkinu, auðkenninu og firmanafninu Nordic Campers. Þá sé þess óskað að Neytendastofa banni Nordic Car Rental alla notkun á auðkenninu NORDIC CAMPERS í allri sinni starfsemi, þeim verði gert að afskrá lén sitt nordiccampers.net hjá ISNIC, afskrái lén sitt nordiccampersiceland.com, afskrái og eyði öllum reikningum á samfélagsmiðlum þar sem Nordic Campers nafnið komi fram ásamt því að ef ekki verður farið eftir banninu innan 10 daga frá því að úrskurður gengur að þá verði lagðar á sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005 þar til að það sé gert.

II. Málsmeðferð

1.

Erindi Nordic Campers var sent Nordic Car Rental til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 20. apríl 2020. Svar barst með bréfi, dags. 25. maí 2020, þar sem fram komi að einkahlutafélagið Nordic Car Rental krefjist þess að öllum kröfum Nordic Campers verði hafnað.

Í bréfi félagsins er á það bent að við meðferð málsins hjá stofnuninni skipti máli að horfa til þess að félagið hafi ótímabundið leyfi Samgöngustofu til reksturs bílaleigu, fyrsti bíllinn sem leigður hafi verið út undir auðkenninu NORDIC CAMPERS hafi verið þann 21. september 2017 og hafi leigt út 2.689 bíla undir því vörumerki. Þá hafi félagið stofnað Facebook-síðu Nordic Campers þann 26. september 2017. Samgöngustofu hafi verið tilkynnt skriflega um Nordic Campers sem hjáheiti, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 65/2015, um rekstur leigu skráningarskyldra ökutækja, þann 20. nóvember 2018. Nordic Campers AS hafi sótt um skráningu orð- og myndmerkis Nordic Campers (með mynd) hjá Einkaleyfisstofu þann 29. júní 2018 og merkið skráð þann 31. júlí 2018. Nordic Campers AS hafi svo sótt um skráningu orðmerkisins Nordic Campers hjá Einkaleyfisstofu þann 15. ágúst 2018 og merkið skráð þann 31. ágúst 2018.

Þá hafi heiti félagsins J&J Froes ehf. verið breytt í Nordic Campers ehf. þann 15. desember 2018 og félagið fengið úthlutað virðisaukaskattsnúmeri þann 27. febrúar 2019. Lánið nordiccampers.is hafi svo verið skráð þann 12. apríl 2020. Hvorki Nordic Campers AS né Nordic Campers ehf. hafi leyfi Samgöngustofu til reksturs bílaleigu skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 65/2015 hvorki undir heitinu Nordic Campers né nokkru öðru heiti og hvorugt félagið eigi einn bíl sem skráður sé á ökutækjaskrá á Íslandi.



Þær málsástæður sem félagið tilgreini séu í þremur liðum. Fyrsta málsástæða félagsins sé að kröfur Nordic Campers falli ekki undir lögsögu Neytendastofu eins og hún sé skilgreind í lögum og því beri að hafna þeim af þeim sökum. Verksvið Neytendastofu sé skilgreint í 2. gr. laga nr. 62/2005, um Neytendastofu. Það af efni greinarinnar sem hér skipti máli sé að samkvæmt 1. mgr. 2. gr. skuli Neytendastofa annast framkvæmd laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gegnsæi markaðarins og laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, svo sem nánar sé kveðið á um í lögum um það efni. Neytendastofa geti því einungis látið sig varða álitamál um vörumerkjarétt, firmaheiti og annað sem Nordic Campers beri fyrir sig að því marki sem brot gegn slíkum rétti eða nýting auðkennis feli í sér brot gegn ákvæðum laga nr. 57/2005.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/2005 taki lögin til samninga, skilmála og athafna sem hafa eða ætlað sé að hafi áhrif hér á landi. Eðli máls samkvæmt séu þau áhrif sem ákvæðið vísi til einungis þau sem feli í sér brot gegn fyrirmælum laganna.

Félagið tilgreini að sú meinta ólögmæta háttsemi sín sem Nordic Campers krefjist banns Neytendastofu við, hafi hvorki né sé ætlað að hafa nein þau áhrif sem ákvæði laga nr. 57/2005 leggja bann við hér á landi. Þau áhrif sem Nordic Campers haldi fram að meint ólögmæt háttsemi félagsins hafi á réttindi og hagsmuni Nordic Campers og raunverulegra eða mögulegra viðskiptavina þeirra, geti ekki komið fram annars staðar en á starfssvæði þess félags. Nordic Campers hafi enga bílaleigustarfssemi með höndum á Íslandi heldur eingöngu erlendis og er markaðssvæði þess félags hluti af meginlandi Evrópu. Því geta meint áhrif á starfsemi Nordic Campers og viðskiptavini þess eðli málsins samkvæmt ekki hafa komið fram hérlendis. Þá hefur Nordic Campers enga bílaleigustarfssemi með höndum hérlendis eða annars staðar. Því getur meint ólögmæt háttsemi félagsins með engu móti haft áhrif, hérlendis eða erlendis, á hagsmuni þess félags eða viðskiptavini þess (sem séu ekki til).

Önnur málsástæða félagsins sé sú að Nordic Car Rental eigi allan vörumerkjarétt tengdan orðmerkinu Nordic Campers. Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 45/1997 geti vörumerkjaréttur stofnast með notkun vörumerkis sem sé og hafi verið notað hér á landi fyrir vöru eða þjónustu. Vörumerkjaréttur samkvæmt ákvæðinu stofnist við fyrstu notkun og ekki sé gerð krafa um neina sérstaka festu eða útbreiðslu í því sambandi. Þegar vörumerkjaréttur hafi stofnast fyrir notkun njóti hann sömu réttarverndar og vörumerkjaréttur sem byggir á skráningu.

Í september árið 2017 gerðist hvort tveggja, félagið leigði út fyrsta bílinn undir nafninu Nordic Campers og stofnaði Facebook síðu Nordic Campers til markaðssetningar á húsbílaleigu félagsins hérlendis. Við þetta öðlaðist félagið allan rétt til orðmerkisins Nordic Campers á Íslandi. Félagið hefur síðan um langt skeið nýtt vörumerkið við útleigu mikils fjölda húsbíla. Af því leiði að skráning Nordic Campers á vörumerkinu hjá Einkaleyfisstofu, bæði sem orðmerki og myndmerki, fari í bága við eldri vörumerkjarétt félagsins. Félagið telji skráningu á léninu nordiccampers.is fyrr á þessu ári einnig fara í bága við vörumerkjarétt þess. Félagið hafi undirbúið höfðun dómsmáls á hendur Nordic Campers á grundvelli 29. gr. laga nr. 45/1997



Í þeim tilgangi að fá skráningu þess félags á vörumerkinu Nordic Campers fellda úr gildi. Jafnframt ætli félagið að gera kröfu til hlutafélagaskrár um að Nordic Campers verði gert að skipta um heiti þar sem notkun þess á heitinu fari í bága við vörumerkjarétt félagsins Nordic Car Rental. Loks mun félagið fara fram á það við ISNIC að Hilmar Egill Jónsson verði afskráður sem eigandi lénsins nordiccampers.is og félagið skráð sem réttthafi þess í Hilmars stað.

Þriðja málsástæða félagsins sé að ekkert í notkun félagsins á auðkenninu NORDIC CAMPERS fari eða hafi farið í bága við nein ákvæði laga nr. 57/2005. Félagið telji ekki útilokað að nýting vörumerkjaréttar geti farið í bága við ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005, þó svo vörumerkjarétturinn sem slíkur sé ekki umdeildur. Hér hátti hins vegar ekki svo til. Félagið telji að Nordic Campers hafi í fyrsta lagi engan rétt til notkunar auðkennisins NORDIC CAMPERS á Íslandi, hvorki sem fyrirtækjaheiti né vörumerki. Félagið hafi heldur með engu móti skapað ruglingshættu eða mögulegar ranghugmyndir með notkun sinni á vörumerkinu. Félagið hafi aðeins hagnýtt sér auðkennið NORDIC CAMPERS í markaðssetningu á bílaleigu sinni sem eingöngu starfi á Íslandi, þar sem Nordic Campers hafi ekki slíka starfsemi með höndum. Notkun félagsins á auðkenninu hafi því hvorki verið til þess fallin að villa um fyrir neytendum, skaða hagsmuni þeirra á annan hátt né skaða neina hagsmuni Nordic Campers sem njóti verndar laga nr. 57/25005.

Félagið telji erfitt að sjá hvað vaki fyrir Nordic Campers með erindinu annað en tilraun til að styrkja stöðu þeirra í tengslum við skaðabótakröfur sem þeir hafi gert á hendur félaginu. Nordic Campers reki ekki bílaleigu á Íslandi og hafi ekki til þess leyfi. Nordic Campers hafi ekki lýst neinum skýrum áformum um að hefja bílaleigustarfsemi hérlandis, sýnt fram á burði til þess eða lýst því hvernig þessi félög uppfylli skilyrði þess að stunda slíka starfsemi. Þá hafi Nordic Campers jafnframt algerlega skautað framhjá því að erlendar heimasíður og Facebook síður Nordic Campers beri glögggt með sér að markaður þess sé ekki Ísland, rétt eins og allar síður félagsins bera og hafi alltaf borið það með sér að eina markaðssvæðið sé Ísland og eigandi síðanna sé Nordic Car Rental en ekki Nordic Campers.

Félagið telur einsýnt, í ljósi alls sem fram hefur komið, að hafna beri kröfum Nordic Campers.

2.

Bréf Nordic Car Rental var sent Nordic Campers til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 27. maí 2020. Neytendastofa vísaði jafnframt til þess að fram kæmi í bréfi Nordic Car Rental að félag stefndi á aðgerðir gagnvart Nordic Campers vegna auðkennisins Nordic Campers. Af því tilefni vildi Neytendastofa vekja athygli á að yrði mál tekið til meðferðar Hugverkastofunnar eða fyrir dómstólum komi til álita að vísa málinu frá meðferð Neytendastofu á meðan þau mál væru rekin enda geti niðurstöður Hugverkastofunnar og dómstóla um rétt til vörumerkja haft áhrif við mat á broti gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Nordic Campers telji að fyrir liggi að félagið hafi ótvíræðan einkarétt til notkunar vörumerkisins, auðkennisins og firmanafnsins Nordic Campers, enda lögmætir og skráðir



eigendur þess, bæði hjá Firmaskrá og Einkaleyfisstofu. Félagið telji allt tal um mögulega málshöfðun ekkert með framvindu þessa máls að gera enda sé eingöngu um enn eina tilraun Nordic Car Rental til að reyna að tefja Nordic Campers í að fá staðfestingu á því sem liggja í augum uppi og sé viðurkennt í bréfi Nordic Car Rental þann 25. maí 2020.

Nordic Car Rental staðfesti í bréfi sínu til Neytendastofu að það félag hafi ekki tilkynnt til Samgöngustofu um Nordic Campers sem hjáheiti, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 65/2015 fyrr en 30. nóvember 2018. Einnig komi fram í sama bréfi að Nordic Campers hafi fengið skráð orð og myndmerki Nordic Campers þann 31. júlí 2018 hjá Einkaleyfisstofu ásamt því að hafa einnig fengið skráð orðmerkið Nordic Campers 31. ágúst 2018. Félögin telji Nordic Car Rental hafa verið ljóst þegar það tilkynnti Samgöngustofu um hjáheiti að félögin hefðu þá þegar fengið skráð vörumerkið Nordic Campers þremur til fjórum mánuðum áður. Félögin telji um einbeittan brotavilja að ræða gagnvart ákvæðum laga nr. 57/2005.

Þá vísi félögin til þess að Nordic Car Rental tali ekkert um þann tölvupóst sem fylgdi með erindi félaganna frá forsvarsmanni Nordic Car Rental þar sem hann viðurkenni og samþykki að hætta notkun á auðkenni og vörumerki félaganna enda hafi komið fram á fundi með forsvarsmanninum að hann hafi vitað að verið væri að nýta sér vörumerki félaganna.

Allt tal um að kvörtun félaganna falli ekki innan lögsögu Neytendastofu falli um sjálfst sig ef skoðuð séu lög nr. 57/2005, ákvarðanir Neytendastofu í gegnum tíðina ásamt erindi félaganna.

Félögin hafi ávallt litið á markaðssvæði sín sem Norðurlöndin, auglýst sig á þann hátt enda skauti Nordic Car Rental framhjá því að þegar þeir velja sín lén, en augljóst sé að félagið hafi verið meðvitað um tilvist Nordic Campers og ákveðið að nýta sér fyrirmyndar orðspor þess enda velji Nordic Car Rental www.nordiccampersiceland.com (sem heimasíðu) og www.nordiccampers.net (sem póstþjón) enda hafi ástæðan verið sú að félögin áttu heimasíðurnar www.nordiccampers.com, www.nordiccampers.is, www.nordiccampers.no, www.nordiccampers.se og www.nordiccampers.dk.

Orðið *Nordic* í auðkenni félaganna þýði norrænt sem taki yfir öll Norðurlöndin. Með fríverslunarsamningi milli EFTA-ríkjana innan EES og Evrópusambandsins sem öðlaðist gildi 1. janúar 1994 var myndað eitt, óskipt og sameiginlegt markaðssvæði/efnahagssvæði innan Evrópu, hinn svokallaði innri markaður. Norðurlöndin hafi verið með sérstaka samvinnu er varði sameiginlegt markaðssvæði sín á milli og því sé það fjarstæðukennt og standist enga nánari skoðun að reyna að halda því fram að aðilar séu ekki á sama markaðssvæði.

Í sinni einfölduðustu mynd fjalli þetta mál um skýrt brot á vörumerkjarétti, firmaheiti og öðru sem ítarlega er farið yfir í erindi Nordic Campers og hvernig það tengist lögum nr. 57/2005. Til að sýna á sem einfaldastan hátt að rök Nordic Car Rental standist ekki nánari skoðun megi benda á það tilbúna dæmi að ef einhver myndi opna matsölustað á Íslandi undir nafninu McDonalds þá væri það klárt brot á lögum nr. 57/2005 þar sem verið væri að brjóta á vernduðu



vörumerkjarétti McDonalds þó alvöru McDonalds væri ekki búið að setja upp matsölustað á Íslandi en samt á sama markaðssvæði og nyti verndar laga nr. 57/2005.

Af framangreindu og með vísun í greinargerð félaganna sé ljóst að notkun Nordic Car Rental á vörumerki, auðkenni og firmanafni félaganna sé óheimil og óréttmæt. Hún sé villandi og ósanngjörn gagnvart neytendum og brjóti gegn eignarétti á vörumerkinu, auðkenninu og firmanafninu Nordic Campers og lögum nr. 57/2005. Þá krefjist félögin þess að Neytendastofa banni Nordic Car Rental nú þegar alla notkun á auðkenninu NORDIC CAMPERS í allri sinni starfsemi og að félaginu verði gert að afskrá lén sitt nordiccampers.net hjá ISNIC, afskrái lén sitt nordiccampersiceland.com og afskrái og eyði öllum reikningum á samfélagsmiðlum þar sem auðkennið NORDIC CAMPERS komi fram ásamt því að ef ekki verði farið eftir banninu innan 10 daga frá því að úrskurður gengur að lagðar verði á sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005 þangað til að það verði gert.

3.

Bréf Nordic Campers var sent Nordic Car Rental til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 22. júní 2020. Neytendastofa barst tilkynning frá Nordic Car Rental, dags. 30. ágúst 2020, þar sem fram kom að félagið teldi ekki tilefni til frekari athugasemda án þess þó að í því fælist að félagið féllist á málalíbúnað Nordic Campers

Bréf Nordic Car Rental var sent Nordic Campers með bréfi Neytendastofu, dags 1. september 2020, og var aðilum máls tilkynnt að gagnaöflun málsins væri lokið og málið yrði tekið til ákvörðunar Neytendastofu.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kemur til álita kvörtun Nordic Campers AS og Nordic Campers ehf. yfir notkun Nordic Car Rental ehf. á auðkenninu NORDIC CAMPERS. Telur Nordic Campers notkun Nordic Car Rental á auðkenninu til þess fallna að villa á sér heimildir og valda ruglingi þannig að viðskiptavinir Nordic Car Rental telji sig vera viðskiptavinir Nordic Campers. Því sé um að ræða brot gegn 5., 8., 12., 13., 14. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Nordic Car Rental hafnar því að brotið sé gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 eða að hætta sé á ruglingi milli aðilanna. Bendir Nordic Car Rental m.a. á að krafa Nordic Campers falli ekki innan lögsögu Neytendastofu, að engin bílaleigustarfsemi sé af hálfu félagsins héraendis, Nordic Car Rental eigi vörumerkjaréttinn tengdan orðmerkinu Nordic Campers og ekkert í notkun þess fari eða hafi farið í bága við ákvæði laga nr. 57/2005.



Lög nr. 57/2005 taka til hvers konar atvinnustarfsemi sem hefur eða er ætlað að hafa áhrif hér á landi. Skilyrði fyrir beitingu laganna er því að um atvinnustarfsemi sé að ræða en ekki skiptir máli hvort reksturinn er á vegum einstaklinga, félaga, ríkis eða sveitarfélaga. Lögnum er því ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif hér á landi og þjónusta Nordic Car Rental er sannanlega veitt hér á landi. Með hliðsjón af framangreindu telur Neytendastofa lögin því eiga við um viðskiptahætti Nordic Car Rental og þar með undir eftirliti stofnunarinnar.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 1. mgr. 13. gr. laganna segir að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. gildir 1. mgr. um aðra viðskiptahætti en þá sem III. kafli tekur til.

Í V. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Þar segir í 14. gr.:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“

Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum mega skv. ákvæðinu ekki veita misvísandi, rangar eða villandi upplýsingar gagnvart keppinaut auglýsanda eða stöðu auglýsanda, vöru eða þjónustu hans, gagnvart keppinautum.



Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri laga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glöggt að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslið. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

Í bréfum Nordic Campers hefur ennfremur verið vísað til laga nr. 45/1997, um vörumerki og laga nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð. Þá hefur Nordic Car Rental ennfremur vísað til laga nr. 65/2015, um rekstur leigu skráningarskyldra ökutækja. Neytendastofu er ekki falið eftirlit með þeim lögum og því getur stofnunin ekki tekið ákvörðun á grundvelli þeirra laga.

3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar með skráningu og hins vegar með notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til auðkennisins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað auðkenni sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið og gefi þannig til kynna villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda eða ruglingshættu. Við mat á ruglingshættu er m.a. litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Þá skiptir máli hversu lík viðkomandi auðkenni eru, en þau líkindi hafa síðan áhrif á það hversu skyld starfsemi aðilanna má vera án þess að teljast skapa ruglingshættu. Því líkari sem auðkenni eru, því minni kröfur eru gerðar til skyldleika starfsemi aðilanna, og öfugt. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.



Báðir aðilar starfa við ferðaþjónustu, n.t.t. við útleigu bifreiða, svo markhópur aðila er sá hinn sami. Starfsemi Nordic Campers virðist að mestu leyti enn sem komið er fara fram í Noregi, Danmörku og Svíþjóð, en starfsemi Nordic Car Rental einskorðast við Ísland. Þrátt fyrir að starfsemi Nordic Campers sé að mestu leyti erlendis enn sem komið er þá verður þó að horfa til þess að viðskiptavinir bílaleiga eru að stórum hluta erlendir ferðamenn og samningsgerð bílaleiga fer almennt að miklu ef ekki að mestu leyti fram á Internetinu og sem viðskipti yfir landamæri. Þá verður ekki framhjá því litið að Ísland er aðili að EES samningnum og þar með hinu fjórþætta frelsi og innri markaðnum. Markaðssvæði aðila málsins verða því ekki einskorðuð við landshluta eða landssvæði.

Í málinu liggur fyrir að Nordic Campers AS er skráð félag í Noregi, stofnað árið 2013 og Nordic Campers ehf. var stofnað árið 1993 héraðs, þá undir öðru nafni en nafninu var breytt árið 2018 í Nordic Campers. Á félagið Nordic Campers AS skráð vörumerkið NORDIC CAMPERS sem orðmerki og sem orð- og myndmerki hjá Hugverkastofunni sbr. skráningar V0109481 og V0109973, bæði í vöru- og þjónustuflokk nr. 39 (bíllaleiga og ferðaþjónusta) frá árinu 2018. Þá á félagið skráð lénin www.nordiccampers.is frá 12. apríl 2020 hjá ISNIC auk þess að eiga skráð lénin nordiccarrentalcampers.is, nordiccampers.net og nordiccampersiceland.com.

Fyrir liggur að Nordic Car Rental hefur ótímabundið leyfi Samgöngustofu til reksturs bíllaleigu, en fram hefur komið að fyrsti bíllinn sem leigður hafi verið út undir auðkenninu NORDIC CAMPERS hafi verið þann 21. september 2017. Félagið stofnaði Facebook-síðu Nordic Campers þann 26. september 2017 og tilkynnti Samgöngustofu skriflega um Nordic Campers sem hjáheiti, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 65/2015, þann 20. nóvember 2018. Þá á félagið skráð lénin nordiccarrentalcampers.is, nordiccampers.net og nordiccampersiceland.com. Neytendastofa telur skráningu hjáheitis hjá Samgöngustofu ekki geta myndað rétt til auðkennis en að höfðu hliðsjón af því að Nordic Car Rental hefur notast við auðkennið í starfsemi sinni frá árinu 2017 og að höfðu hliðsjón af skráningum og notkun Nordic Campers á auðkenninu telur Neytendastofa báða aðila eiga rétt til auðkenna sinna þannig að 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 komi til álita í málinu.

Auðkennið sem mál þetta lítur að samanstendur af tveimur enskum orðum, annars vegar „*Nordic*“, sem þýðir skv. íslenskri orðabók norrænn, og hins vegar „*Camper*“, sem þýðir húsbíll. Þrátt fyrir að um almenn orð sé að ræða telur Neytendastofa hið samsetta auðkenni í tengslum við bíllaleigu hvorki vera almennt né lýsandi og ekki hluta af almennri málvenju neytenda þegar átt er við bíllaleigur og þá þjónustu sem þær bjóða. Því getur auðkennið talist nægilega sérkennandi til þess að geta notið verndar skv. 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Líkt og áður greinir telur Neytendastofa að líta verði til þess að félögin bjóða sömu þjónustu, þó Nordic Campers hafi ekki hafið útleigu bíllaleigubifreiða hér á landi. Eðli þjónustunnar og hvernig til viðskipta er stofnað hefur því að mati Neytendastofu rík áhrif í máli þessu og leiðir til ruglingshættu og hættu á að neytendur telji sig ranglega eiga viðskipti við hið Norræna félag, þrátt fyrir að aðilar séu ekki keppinautar hér á landi.



Líkindi auðkennanna eru veruleg þar sem um er að ræða sömu tvö orðin í sömu röð. Þau líkindi eiga að mati stofnunarinnar þó ekki við um lénnafnið nordiccarrentalcampers.com enda er þar um að ræða firmaheiti Nordic Car Rental en orðinu „campers“ bætt aftan við. Hvað lénnafnið nordiccampersiceland.com varðar telur Neytendastofa það vera til þess fallið að tengja rekstraraðila síðunnar við Nordic Campers en sem íslenskt útibú eða samstarfsaðila hins Norræna félags.

Með vísan til alls ofangreinds og að höfðu hliðsjón af gögnum málsins er það mat Neytendastofu að notkun Nordic Car Rental á auðkenninu NORDIC CAMPERS sé til þess fallin að valda ruglingshættu og brjóta þannig gegn 2. málsl. 15. gr. a., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005. Neytendastofa getur ekki fallist á að notkunin feli í sér brot gegn öðrum ákvæðum laganna.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 er Nordic Car Rental bönnuð notkun auðkennisins NORDIC CAMPERS í starfsemi sinni.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Nordic Car Rental ehf., Funahöfða 6, 110 Reykjavík, hefur með notkun auðkennisins NORDIC CAMPERS í markaðssetningu og auglýsingum þess og með skráningu og notkun lénanna nordiccampers.net og nordiccampersiceland.com brotið gegn ákvæðum 2. málsl. 15. gr. a., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Nordic Car Rental ehf. bönnuð notkun auðkennisins NORDIC CAMPERS. Bannið tekur gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunar. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.“

Neytendastofa, 22. desember 2020

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir